

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2015, mánudaginn 1. júní kl. 15:30, var haldinn 129. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson, Kristín Elfa Guðnadóttir, Bjarni Jónsson og Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir frá Íbúasamtökum Laugardals, Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, Baldur Örn Arnarson verkefnastjóri á ÞLH og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri félagsauðs- og frístunda á ÞLH sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins undir fyrsta dagskrárlið voru Adam Eliassen, Ásbjörn Ólafsson, Sesselja Auður Eyjólfsdóttir og Jóhanna Gísladóttir.

Þetta gerðist:

1. Fram fer undirritun styrktarsamninga við styrkþega úr Forvarnasjóði Reykjavíkurborgar. Hverfisráð ákvað að veita foreldra- og kennarafélagi Laugarnesskóla styrk að upphæð kr. 180.000 vegna verkefnisins 10 ára í tjaldi, Langholtsskóla styrk að upphæð kr. 116.000 vegna verkefnisins Fræðsla um netnotkun barna og unglinga, Foreldrafélagi Langholtsskóla styrk að upphæð kr. 120.000 vegna verkefnisins Hjóladagur Langholtsskóla og Jóhönnu Gísladóttur styrk að upphæð kr. 150.000 vegna verkefnisins Manneskja – umhverfi – menning.

Adam Eliassen, Ásbjörn Ólafsson, Sesselja Auður Eyjólfsdóttir og Jóhanna Gísladóttir taka sæti á fundinum undir fyrsta dagskrárlið.

2. Fram fer umræða um útimarkað í Laugardal á vegum íbúasamtaka hverfisins sem nú er fyrirhugað að halda í 12. sinn. Lögð fram umsókn íbúasamtakanna til hverfissjóðs USK um styrk vegna útimarkaðarins.
Hverfisráð mun fylgjast með málinu en biður jafnframt um tölur um raunkostnað vegna útimarkaðarins frá síðasta ári.

- Kl. 15:58 tekur Sandra Berg Cepero sæti á fundinum.

3. Fram fer umræða um íbúafund sem haldinn var á vegum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar þann 12. maí 2015. Á fundinum var rætt um tillögu USK að breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis sem fól í sér fjölgun bílastæða við lóð nr. 75 við Suðurlandsbraut og breytta aðkomu að leikskólanum Steinhlíð. Hverfisráðið ákvað á 127. fundi ráðsins, þann 18. mars sl. að óska eftir því að tillagan yrði dregin tilbaka og að haldinn yrði íbúafundur með hagsmunaaðilum.

Hverfisráð Laugardals samþykkir eftirfarandi bókun:

Hverfisráð fagnar afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs frá 20.maí 2015 vegna þessa máls en bendir á að ennþá er ákveðin hætt á þessum gatnamótum. Þess vegna telur ráðið að koma þurfi fyrir viðvörunarmerkjum á hjóltreiddastíginn sitt hvorum megin við gatnamótin til að vara við þverun bíla.

Framkvæmdastjóra falið að koma bókuninni til umhverfis - og skipulagssviðs.

4. Tekið fyrir erindi, dags. 26. maí 2015, um hæsnahald í Laugardal.
Farið yfir reglur og samþykktir þar að lútandi.

Hverfisráð Laugardals samþykkir eftirfarandi bókun:

Hverfisráð lýsir yfir ánægju með frumkvæði íbúa um hugmynd sameiginlegt hæsnahald á lóð milli Rauðalækjar og Laugarnesvegar. Hins vegar er ljóst að hugmyndin samræmis ekki að ýmsu leiti gildandi reglum og samþykktum um hæsnahald í Reykjavík. Hverfisráð leggur fram aðstoð framkvæmdastjóra

Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, Sigtryggs Jónssonar, til að finna út úr því hvort þetta er gerlegt eða ekki. Hverfisráð óskar eftir að verða upplýst um framgang málsins.

- Kl. 16.17 tekur Lára Óskarsdóttir sæti á fundinum.
 - Kl. 16.29 tekur Eyrún Magnúsdóttir frá ungmennaráði sæti á fundinum.
5. Fram fer umræða um aðalfund íbúasamtakanna sem haldinn var 20.maí s.l. Nýr formaður var kosinn Lilja Sigrún Jónsdóttir. Sigurður Þórðarson lét af formannstörfum eftir 5 ár.

Fundi slitið kl. 17:15

Heiðar Ingi Svansson (Sign)

Sandra Berg Cepero (Sign)
Lára Óskarsdóttir (Sign)

Kristín Elfa Guðnadóttir (Sign)
Bjarni Jónsson (Sign)